



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lista yfir skóla þar sem rakaskemmdir og mygla hafa komið upp á árinu 2022

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 3. október 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir að listi verði lagður fram á næsta skóla- og frístundaráðsfundi yfir þá skóla og leikskóla þar sem rakaskemmdir og mygla hefur komið upp á þessu ári. Jafnframt er óskað eftir að upplýsingar verði lagðar fram um stöðu framkvæmda við þá skóla þar sem mygla hefur komið upp og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja nemendum og starfsfólki heilsusamlegt húsnæði meðan framkvæmdir og endurbætur á skólahúsnæðinu fara fram.

Svar:

Grunnskólar

Álftamýrarskóli

Leki er með gluggum á suðurhlið skólans og líklegt að það þurfi að endurnýja alla hlið skólans. Þegar er búið er að staðfesta myglu í 3 stofum. Fara á í frekari skoðanir á öðrum stofum. Tvær stofur hafa þegar verið losaðar og kennsla fer fram í Víkingsheimilinu í næsta húsi. Verið er að skoða möguleika á tímabundnu húsnæði ef til frekari framkvæmda kemur. Til viðbótar við Víkingsheimilið eru, Tónabær og Ármúli 30.

Árbæjarskóli

Mælingar hafa farið fram vegna einkenna starfsfólks. Skemmdir eru á afmörkuðum stöðum. Hægt verður að færa starfsemi til innan veggja skólans á meðan lagfæringar fara fram.

Foldaskóli

Búið er að skoða hluta skólans þar sem komu fram rakaskemmdir á tveimur afmörkuðum stöðum. Til stendur að skoða húsnæðið nánar. Hliðrað verður til innan skólans á meðan framkvæmdir fara fram.

Fossvogsskóli

Starfsemi er í tveimur af þremur álmum skólans. Einnig eru færanlegar einingar fyrir almenna kennslu, frístundaheimili og stjórnun.

Verið er að skoða stækkun og viðbygginu við 3ju álmuna þar sem framkvæmdir standa yfir.



Hagaskóli

Gagngerar endurbætur og endurbygging stendur yfir á húsnæði skólans vegna rakaskemmda og slæmrar innivistar.

Skólastarf er á þremur stöðum

- Hagaskóla, í einni álmu – um 200 nemendur
- Ármúla 28-30, 1. hæð og hluta 2. hæðar – um 200 nemendur
- Korpuskóla - um 177 nemendur. Skólastjórnendur og foreldrasamfélagið vilja vera í Korpuskóla þar til færanlegt húsnæði verður tilbúið á lóð Hagaskóla.
- Neskirkju – fyrir starfmenn Hagaskóla

Áætlað er að vinna við að setja niður færanlegar stofur fyrir tvo árganga hefjist í lok árs 2022. Áætlað er að aðalbygging skólans verði tilbúin haust 2023. Framtíðarviðbygging er í hönnun og áætlað að hugmyndir liggi fyrir í janúar 2023.

Hvassaleitisskóli

Búið er að endurgera og uppfæra 7 stofur ásamt göngum innan skólans. Áframhald við endurgerð skólastofa fer fram meðfram skólastarfi. Hljóðvist í íþróttasal verður endurnýjuð vegna rakaskemmda frá þaki sem búið er að laga. Verið er að meta aðrar athugasemdir frá skólastjórnendum þar á meðal endurnýjun glugga á suðurhliðum.

Réttarholtsskóli

Framkvæmdir hófust fyrir ári síðan þar sem gagngerð endurnýjun hefur verið gerð á fyrstu álmunni af þremur. Í sumar var gagngerð endurnýjun á tengigangi sem liggur á milli álma A, B og C. Núna stendur yfir vinna við að koma niður færanlegum kennslueiningum við skólann Þær munu nýtast meðan framkvæmdir standa yfir við endurgerð svo skólastarf geti farið fram innan skólans/lóðar.

Hólabrekkuskóli

Er ekki í góðu ástandi, verið er að skoða húsnæðið og frekar framkvæmdir á skólanum. Framkvæmdir hafa staðið yfir í þremur verkgreinastofum, þar sem meðal annars hefur verið skipt um gólfefni, loftþalir og mygluþrifið á eftir. Þessum hluta framkvæmda er að mestu lokið.

Langholtsskóli

Úrbætur á húsnæðinu standa yfir á neðri hæð C- álmu. Unnið er að því að fjarlægja rakaskemmdir og dreina þennan hluta hússins. Áætlað er að viðgerðum ljúki um áramót og starfsemi hefur verið færð til innanhúss á meðan. Frekari úttekt verður gerð á öðrum hlutum hússins þar sem beiðni hefur borist um slíkt.

Laugalækjarskóli

Rakaskemmdir voru í átta kennslustofum, félagsmiðstöð og á gangi. Fjarlægja þurfti skemmd byggingarefni, steypa gólf og sett hefur verið bráðabirgðagólfefni. Einn árgangur var fluttur í húsnæði KSÍ á meðan framkvæmdir stóðu yfir.

Laugarnesskóli

Fara þarf í viðmiklar viðgerðir og endurbætur á skólanum vegna aldurs og rakaskemmda. Þegar hefur hluta hússins verið lokað og hafa 80 nemendur fengið aðstöðu í húsnæði KSÍ. Framkvæmdaáætlun er í vinnslu og líklegt að flytja þurfi alla nemendur úr húsnæði skólans. Unnið er að því að fá færanlegar stofur á lóð skólans.

Melaskóli

Verið er að meta athugasemdir frá skólastjórnendum.



Norðlingaskóli

Talsverður leki er í gluggum og meðfram inngöngum á austurhlið skólans. Búið er að stúka tryggilega af svæði þar sem rakaskemmdir fundust svo að hægt sé að fara í mótvægisaðgerðir. Í þeim felst að fjarlægja rakaskemmdir, þétta glugga og meðfram hurðum og þrifa svæðið þar til hægt verður að fara í varanlegri framkvæmdir. Ekki þykir æskilegt að fara í slíkar viðgerðir yfir hörðustu vetrarmánuðina en samhliða mótvægisaðgerðum er útboð á stærra verkinu undirbúið.

Vogaskóli

Eftir skoðun á ákveðnum rýmum kom í ljós raki og mygla sem kalla á framkvæmdir. Staðsetning skemmda er undir þakgluggum sem hafa verið lagfærðir. Endurbyggja þarf veggj í rými tveggja árganga (um 80 nemenda) sem og skrifstofur stjórnenda og undirbúningsrými. Búið er að koma nemendum fyrir í húsi Hjálpræðishersins að Suðurlandsbraut 72 þar til lagfæringum á stofum þeirra verður lokið. Stjórnendur og þeir sem vinna í skrifstofum og nýta undirbúningsrými færa sig til innan skólans meðan á framkvæmdum stendur. Áætlað er að þessum framkvæmdum ljúki um áramót.

Eftir ítarlega sjónskoðun starfsmanna verkfræðistofunnar þykir ljóst að skoða þarf betur og mögulega fara í framkvæmdir á fleiri stöðum í húsinu. Það gæti kallað á að finna þurfi fleiri nemendum nýtt húsnæði. Húsnæðið er í frekari skoðun og unnið er að framkvæmdaáætlun.

Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar

Ársel

Framkvæmdir standa yfir á öllu húsinu vegna raka og myglu. Verið er að klára framkvæmdir og stefnt að því að þeim ljúki fyrir áramót. Rými hefur verið leigt hjá Fylki fyrir starfseminu á meðan.

Hvergiland, Borgaskóli

Við skoðun og mælingar fannst mygla á afmörkuðum stöðum í frístundarárminu. Starfsemin getur fært sig innanhús meðan framkvæmdir fara fram. Mótvægisaðgerðum er lokið. Bráðabirgðagólfefni hefur verið lagt og nýr gólfdukur verður lagður þegar tækifæri gefst.

Tígrishær, Rimaskóla

Upp komu skemmdir vegna raka sem búið er að lagfæra. Starfsemin var færð í Rimaskóla á meðan endurbætur og þríf voru gerð. Framkvæmdum er lokið.

Leikskólar

Árborg

Ráðast þarf í umfangsmiklar framkvæmdir á húsnæðinu sem munu taka rúmt ár. Starfsemin hefur verið flutt í Selásskóla sem var ekki með fullnýtt húsnæði. Í Árborg eru 57 börn.

Furuskógar / Furuborg

Framkvæmdum vegna innivistar lokið og starfsemin komin að fullu í húsnæði leikskólans. Starfsemi sem var í Álandi fluttist öll í Safamýri 5 á meðan framkvæmdir stóðu yfir. Þau fluttu til baka í endurnýjað húsnæði þann 11. október síðastliðinn.

Garðaborg

Í forskoðun kom í ljós að nánast allir útveggir hússins eru með hækkuðu rakastigi. Efla hefur fengið verkbeiðni um að gera heildar úttekt á húsnæðinu og verkáætlun.



Grandaborg

Síðan í september 2021 hafa verið framkvæmdir af e-u tagi vegna rakaskemmda í húsnæðinu. Í október þurfti að loka leikskólanum vegna skólps sem hefur lekið úr röri undir húsinu, í skriðkjallara, og talin möguleiki á að loft þaðan bærist með loftræstikerfi um húsið. Ekki fannst nýtanlegt húsnæði fyrir allan leikskólann í nágrenninu og því þurfti að færa starfsemina í þrjá leikskóla sem höfðu rými. Þeir leikskólar eru Ævintýraborg Eggertsgötu (um 20 börn), Ævintýraborg Nauthólsvegi (um 20 börn) og Sunnuás í Kringlunni 1 (32 börn). Unnið er að því að finna húsnæði og hefur þegar verið ákveðið að flytja þann hluta starfseminnar sem hefur verið í Kringlunni í ný hús sem brátt verða tilbúin við Hagaborg. Framkvæmdaáætlun er í vinnslu og enn er óljóst um verklok.

Hlíð - Við Eskihlíð og Engihlíð

Búið er að gera úttekt á báðum húsum leikskólans.

Við Eskihlíð hefur kjallara verið lokað og gerð hafa verið mygluþrif. Þetta eru mótvægisáðgerðir en þörf er á að fara í frekari framkvæmdir við tækifæri.

Við Engihlíð er staðan mun verri og því var húsnæðinu lokað. Ein deild var flutt í leikskólann Klambra en þrjár deildir fóru í húsnæði þar sem Brákarborg var áður staðsett. Fulltrúar foreldra hafa óskað eftir því að fundið verði húsnæði innan hverfis sem fyrst. Óskir þeirra hafa verið teknar til greina og leit stendur yfir að húsnæði í hverfinu en ljóst er að slíkt er af skornum skammti.

Kvistaborg

Húsnæðið er lokað í dag en verið er að vinna að útboðsgögnum fyrir allsherjar endurnýjun og breytingar. Í dag fer starfsemin fram í þremur færanlegum stofum. Verið er að reyna finna stað fyrir Kvistaborg meðan á framkvæmdum stendur þar sem það þykir ekki ganga að vera með starfsemi á sama tíma. Samkvæmt áætlun er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki fyrr en í lok árs 2024. Verið er að huga að lausnum og húsnæði fyrir starfsemi leikskólans á meðan á framkvæmdum stendur.

Laugasól

Búið að koma í veg fyrir raka og skipta út skemmdum byggingarefnum á efri hæð. Samhliða þessum framkvæmdum var ákveðið að stækka skólann sem nemur kjallara hússins, bæta við tveimur deildum og starfsmannaðstöðu. Á meðan á þessu stendur eru gámar á lóð fyrir eina deild og aðstöðu starfsfólks. Verið er að vinna að deiluskipulagi vegna færanlegra eininga svo hægt verði að koma starfseminni út meðan framkvæmdir vegna stækkunar fara fram.

Nóaborg

Starfsemin er í Safamýri 5 með um 70 börn. Áætlað er að framkvæmdum ljúki í desember. Húsnæði Nóaborgar verðu að miklu leiti uppgert áður en starfsemin fer þangað aftur. Sett verður dren í kringum húsið. Þar sem fara þurfti í framkvæmdir vegna rakaskemmda var talið eðlilegt að fara í löngu tímabæra viðhaldsvinnu og endurnýjun á húsinu samhliða.

Rofaborg

Skoðun á húsnæðinu leiddi í ljós lítilháttar skemmdir sem lagfærðar voru meðan starfsemi var í gangi.



Sunnuás

Viðamiklar rakaskemmdir voru í húsnæði leikskólans og flytja þurfti starfsemina í Kringluna 1. Ljóst er að gagngera endurbóta og endurhönnunar á húsnæðinu er þörf.

Starfsemin er í Kringlunni 1 með 94 börn og beðið er eftir færanlegum stofum á lóð Sunnuás verði komin til að hægt verði að flytja með þau aftur í hverfið. Örutboð á færanlegum einingum verður opnað í nóvember.

Undanþága Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur rann út 15. október en búið er að óska eftir framlengingu út 2022 og undanþága ráðuneytisins og leiga á húsnæðinu er til áramóta.

Vesturborg

Búið er að loka viðbótarhúsnæði leikskólans Vesturborgar, að Hagamel 65. Einnig eru framkvæmdir innanhúss vegna rakaskemmda en hægt að hliðra starfsemi til innan leikskólans á meðan, verkið er unnið í áföngum. Lagt hefur verið til að rífa húsið að Hagamel 65 og huga að viðbyggingu sem lóðin rúmar. Arkþing er að hanna viðbyggingu sem bætir við tveimur til þremur deildum ásamt starfsmannaaðstöðu.